

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði kr. 1 150 000,00

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1985, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 492/1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 119 22. febrúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum	kr.	4,70 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	14 100,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	—	4,70 kWh
	Lágmarksgjald	—	72,50 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		

Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar —	7,15 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu —	1,60 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW) —	6 135,00 árskW
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts —	1,20 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag —	1,60 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring —	1,30 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.	

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 A og minna kr. 23,85 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 A og minna — 39,45 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 A — 55,30 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs-heimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	23 900,00	763,00
63 A 3-fasa	28 300,00	763,00
100 A 3-fasa	36 900,00	1 050,00
125 A 3-fasa	46 200,00	1 174,00
200 A 3-fasa	72 200,00	1 585,00
300 A 3-fasa	104 300,00	2 873,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 320,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 320,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 24% auk 16% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 40% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 686 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 8. janúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.